

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

Vinna við ELGPN árið 2010

Samstarf um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu

European Lifelong Guidance Policy Network (ELGPN)

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf starfar með mennta- og menningarmálaráðuneytinu við framkvæmd verkefna sem tengjast ELGPN. Árið 2010 leiddi Ísland vinnupakka 2 um aðgengi ásamt Frökkum.

Uppbygging ELGPN (www.elgpn.eu) er þannig að áhersla er á sex atriði sem byggja á tveimur yfirlýsingum Evrópusambandsins (2004 og 2008) um eflingu náms- og starfsráðgjafar:

1. Hæfni í stjórnun starfsferils (career management skills) (Vinnupakki 1).
2. Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf (Vinnupakki 2).
3. Samhæfing og samvinna mismunandi hagsmunaaðila ríkja (Vinnupakki 3).
4. Gæðatryggingu í náms- og starfsráðgjöf (Vinnupakki 4).
5. Samvirkniáhrifum verkefna sem ESB styrkir um ævilanga náms- og starfsráðgjöf og tengingu þeirra við stefnu stjórnvalda.
6. Greiningu á stefnu ESB út frá sjónarhóli ævilangrar náms- og starfsráðgjafar.

Helstu verkefni og markmið

Í samningi SAENS og menntamálaráðuneytisins dagss. 14. júlí 2009 eru helstu verkefni og markmið með samstarfinu tilgreind. Þar kemur fram að markmið verkefnisins er að finna leiðir til að bæta aðgengi að náms- og starfsráðgjöf fyrir alla hópa þjóðfélagsins.

Sérfræðisetur vinnur með ELGPN tengilið ráðuneytisins (Ernu Árnadóttur) við framkvæmd verkefna sem tengjast ELGPN. Hlutverk Íslands í ELGPN samstarfinu er að leiða vinnupakkann um aðgengi. Dæmi um verkefni eru t.d. undirbúningur fyrir aðalfundi (2x á ári), vettvangsheimsóknir (1 á ári), gagnasöfnun frá samstarfslöndum (til dæmis um afmörkuð mál eins og notkun UST í ráðgjöf) og skipulagningu á ELGPN samstarfinu.

Starfið innanlands felst t.d. í kynningu á ELGPN fyrir stefnumótendum og ýmsum hagsmunaaðilum, gagnasöfnun, umsjón með fundum ráðgjafarnefndar, skýrslugerð, fjárumsókn og samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Í þessari ársskýrslu sem unnin er fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið er gert grein fyrir helstu verkefnum og viðfangsefnum SAENS í tengslum við ELGPN. Fyrst verður farið yfir verkefni innanlands og þar á eftir þau verkefni sem tengjast vinnupakka 2 og ELGPN. Í lok skýrslu er gert grein fyrir verkefnum fyrir hvern mánuð fyrir sig árið 2010.

Verkefni á Íslandi 2010

Fundir og kynningar

Eitt helsta verkefni SAENS er að kynna ELGPN og vinnupakkann um aðgengi fyrir stefnumótendum, náms- og starfsráðgjöfum og öðrum sem málið varðar. Í mars var haldinn fundur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir stefnumótendum þar sem tveir sérfræðingar (Raimo Vuorinan og Aled Williams) á vegum ELGPN héldu erindi. Raimo er framkvæmdarstjóri ELGPN og Aled er einn umsjónaraðila Next Step sem er nýlegt upplýsinga- og ráðgjafakerfi fyrir fullorðna í UK. Þeir ræddu um uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafakerfis og deildu reynslu sinni og kostum við að nota upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf.

Fundurinn var haldinn hér á landi í tengslum við samráðsfund ELGPN í vinnupakka 2 um aðgengi sem fór fram dagana á eftir (30.-31. mars).

Aðrir fundir og kynningar á árinu voru t.d.

- Fundir í ráðgjafarnefnd.
- Fundir og samskipti við fulltrúa í mennta- og menningarmálaráðuneyti,
- Fundir með ráðherrum (mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra).
- Kynning fyrir nemendum í náms- og starfsráðgjöf.
- Kynning vegna Akademíu heimsóknar.
- Samráðsfundir með FRÆ vegna uppbyggingar á upplýsingakerfi í náms- og starfsráðgjöf.
- Útgáfa Fréttabréfs.
- Vefur SAENS og á póstlista Félags náms- og starfsráðgjafa.

Skýrslur, greinar og gagnasöfnun

Sérfræðisetur hefur umsjón með fundum ráðgjafarnefndar í náms- og starfsráðgjöf. Þar eru fulltrúar frá ýmsum sviðum þar sem náms- og starfsráðgjafar starfa, til dæmis símenntunarstöðvum, grunn- og framhaldsskólum, vinnumálastofnun, háskólum og formaður félags náms- og starfsráðgjafa. Fundir eru haldnir tvisvar til þrisvar á ári og tengjast aðalfundum ELGPN. Sérfræðisetur sér um fundarhald og um fundargerðir. Einnig sér SAENS um gerð fjárhagsskýrslu og uppgjors.

Annað:

- Skýrslur um ferðir eftir vettvangsferðir og fundi.
 - Skýrsla um Manchester ferð janúar 2010
 - Skýrsla um Portúgal ferð september 2010

- Gagnasöfnun um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Ólafur Haraldsson náms- og starfsráðgjafi og nemandi í MA í náms- og starfsráðgjöf safnar gögnum fyrir SAENS og mun skila skýrslu vorið 2011.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir skrifaði grein í Fréttablaðið sem birtist 18. nóvember 2010 sem hún kallaði: Upplýsingakerfi vantar um nám og störf.

Vinnupakki um aðgengi ELGPN 2010

Ísland leiðir vinnupakka 2 um aðgengi í samstarfi við fulltrúa Frakklands. Hlutverk leiðtoga í vinnupakka í ELGPN samstarfinu er margþætt. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku fulltrúa leiðtogalandanna við undirbúning aðalfunda (e. plenary meetings), vettvangsheimsókna og í ýmsum verkefnum sem koma að skipulagi ELGPN. Leiðtogapjóðir starfa með sérfræðingi vinnupakkans og vinna með honum skýrslur fyrir og eftir hverja vettvangsheimsókn. Einnig sjá leiðtogapjóðir um undirbúning heimsókna með fulltrúum landa sem bjóða í þessar vettvangsheimsóknir.

Vettvangsheimsóknir voru tvær á síðasta tímabili og var sú síðari í upphafi árs 2010. Þá fóru tveir fulltrúar Íslands (Erna Árnadóttir, tengiliður mennta- og menningarmálaráðuneytis við ELGPN og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir prófessor í náms- og starfsráðgjöf við HÍ) til Manchester þar sem áhersla var á notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf. Í heimsókninni voru kynningar á notkun UST í Þýskalandi og í Frakklandi.

Verkefni SAENS árið 2010

Janúar

Í janúar 2010 var boðið í vettvangsferð til Manchester um notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf:

- Undirbúningsvinna fyrir fundinn, gagnasöfnun og undirbúningur fyrir heimsókn
- Þátttaka á fundinum
- Úrvinnsla og skýrsla um heimsókn
- Fjármálaskýrsla fyrir 2009
- Ársskýrsla fyrir 2009

Febrúar

- Undirbúningur fyrir samráðsfund (synthesis) á Íslandi.
 - Fundir vegna skipulags (fundarstaður og gisting), dagskrá fundar, samskipti við erlenda fundargesti (formlegt boð og fleira)
 - Undirbúningur fyrir fund stefnumótenda á Íslandi í tengslum við synthesis fund.

Mars

- Fundur í ráðgjafarnefnd (17. mars)
 - Undirbúningur og skipulag
- Synthesis fundur (30. mars-1. apríl)
- Fundur (29. mars) stefnumótenda þar sem framkvæmdarstjóri ELGPN og fulltrúi Englands kynntu uppbyggingu og áherslur í notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf.
- Fréttabréf SAENS
- Kynningar á ELGPN og margvíslegir fundir

Apríl og maí

- Undirbúningur fyrir aðalfund ELGPN í Zaragoza
- Vinna við lokaskýrslu (synthesis report)
- Hugmyndir um áherslur fyrir næsta tímabil
- Aðalfundur Zaragoza – gögn og greinar tengdar fundinum

Júní og júlí

- Áframhaldandi vinna við lokaskýrslu
- Fundur með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um notkun UST í ráðgjöf

Ágúst

- Athugasemdir við lokaútgáfu skýrslu ELGPN um tímabilið 2008-2010
- Fundir með Fræ vegna styrkumsóknar Starfsmenntunarráðs
- Vinna við umsókn um styrk
- Undirbúningur fyrir fund ELGPN í Portúgal í september

September

- Fundur í ráðgjafarnefnd (15. september)
- Aðalfundur ELGPN í Portúgal (20.-24. september)
- GBK fór á fund og stýrði umræðum í vinnupakka 2 um aðgengi – um næsta tímabil, áherslur og skipulag.

Október og nóvember

- Áherslur og skipulag vegna næsta tímabils í samstarfinu
- Letter of intent
- Vinna við styttri útgáfu af skýrslu ELGPN
- Stjórnarfundur SAENS
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir fór til Frakklands á fund um ELGPN
- Fundir um styrk og útfærslu

Desember

- Fundur í Búdapest um næsta tímabil ELGPN
- GBK fór á fundinn fyrir hönd Íslands (12.-15. desember)
- Fundir og undirbúningur fyrir næsta tímabil